

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2017/2231****2018/EES/33/33**

frá 4. desember 2017

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/329 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir 6-fýtasa (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Kaesler Nutrition GmbH hefur lagt fram umsókn í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem lögð er til breyting á nafni handhafa leyfisins sem tilgreint er í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/329 <sup>(2)</sup>.
- 2) Lohmann Animal Nutrition GmbH, leyfishafi fyrir fóðuraukefnið 6-fýtasa, breytti firmaheiti sínu í „Kaesler Nutrition GmbH“ frá og með 3. júlí 2017. Umsækjandinn hefur lagt fram viðeigandi gögn því til stuðnings.
- 3) Tillögð breyting á leyfishafa er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefnum. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.
- 4) Til að gera Kaesler Nutrition GmbH kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn er nauðsynlegt að breyta nafni leyfishafa í leyfinu. Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/329 til samræmis við það.
- 5) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunum, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil þar sem setja má aukefnið 6-fýtasa, sem og forblöndur og fódurblöndur sem innihalda aukefnið, sem eru í samræmi við ákvæðin sem giltu fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, áfram á markað og nota þar til fyrirbyggjandi birgðir eru uppnar.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.***Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/329**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/329 er breytt sem hér segir:

- 1) Í titlinum koma orðin „leyfishafi er Kaesler Nutrition GmbH“ í stað orðanna „leyfishafi er Lohmann Animal Nutrition GmbH“.
- 2) Í öðrum dálki töflunnar í viðaukanum með fyrirsögninni „nafn leyfishafa“ koma orðin „Kaesler Nutrition GmbH“ í stað orðanna „Lohmann Animal Nutrition GmbH“.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 319, 5.12.2017, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2018 frá 27. apríl 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/329 frá 8. mars 2016 um leyfi fyrir 6-fýtasa sem fóðuraukefni fyrir allar fuglategundir og fyrir fráferugrúsi, eldissvín, gyltur og aukategundir svína (leyfishafi er Lohmann Animal Nutrition GmbH) (Stjtið. ESB L 62, 9.3.2016, bls. 5).

2. gr.

### **Umbreytingarráðstafanir**

Aukefnið 6-fýtasi, eins og sett er fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/329, sem og forblöndur og fíðurlöndur sem innihalda aukefnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 25. desember 2017 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 25. desember 2017, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

3. gr.

### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. desember 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---